

GÆSAKVAK

Fréttabréf gæsaáhugamanna. 1. tbl. – 1 árgangur 2005



Heiðagæsir við hreiður – Arnór Þ. Sigfússon

Nýtt fréttabréf

Fréttabréf þetta sem nú kemur út í fyrsta sinn er gefið út fyrir gæsaáhugamenn og er ætlað að vera vettvangur til að koma til skila niðurstöðum vöktunar á gæsastofnum þeim sem veiddir eru hér á landi auk annarra fréttu af gæsum. Að fréttabréfinu standa Arnór Þ. Sigfússon og Halldór Walter Stefánsson og er það sent þeim sem aðstoða við vöktun með því að leggja til gögn. Þau gögn eru vængir sem veiðimenn senda af bráð sinni, talningar á gæsum og svo hræ til rannsókna.

Til stendur að fréttabréf þetta komi a.m.k. einu sinni út á ári, fyrst og fremst á rafrænu formi þannig að kostnaður verði í lágmarki. Útrentun verður þó send þeim er ekki eiga þess kost að taka við fréttabréfinu rafrænt. Við viljum hvetja viðtakendur fréttabréfsins til að senda aðstandendum netfang sitt og má gera það á gaesafrettir@gmail.com. Einnig er hægt að koma þar á framfæri fréttum af gæsum auk þess sem myndir eru vel þegnar.

APS

Vöktun á gæsum

Þeir fjórir gæsastofnar sem veiddir eru hér á landi, auk margæsarinnar sem er friðuð, eru vaktaðir þannig að hægt sé að fylgjast með ástandi þeirra og stofnbreytingum.

Allir stofnarnir eru taldir á vetrarstöðvum sem eru aðallega Bretland og Írland. Talningar þessar hófust á 6 áratug síðustu aldar þegar árlegar talningar á heiðagæsum og grágæsum á vegum The Wildfowl & Wetlands Trust (WWT) byrjuðu og seinna bættust hinar í hópinn. Vegna þessara talninga eru breytingar á þessum stofnum í gegnum tíðina nokkuð vel þekktar en þær hafa orðið verulegar á þessum tíma. Þeim hefur öllum fjölgað þó á seinni árum hafi grágæs fækkað nokkuð aftur samkvæmt talningum og það sama á við um blesgæsir sem hefur fækkað nokkuð hratt síðustu ár. Hér á landi hafa einnig farið fram reglubundnar talningar á gæsum. Má þar nefna talningar Halldórs W. Stefánssonar á Héraði og þar í kring á vorin og á fellifuglum um sumar. Arnþór Garðarsson, prófessor við

Háskóla Íslands, hefur staðið fyrir talningum á helsingjum að vori. Þá hafa margæsir verið taldar hér á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) og Arnþórs Garðarssonar og í samvinnu við WWT. Einnig hafa farið fram talningar á felligæsum á vegum NÍ og Skarphéðins Þórissonar og fleiri. Seinni ár höfum við reynt að afla upplýsinga um fjölda grágæsa og heiðagæsa hér á landi um svipað leiti og talið er á vetrarstöðvunum að hausti. Þetta er gert með því að safna saman upplýsingum frá veiðimönnum og fugla-áhugamönnum og áætla út frá því þann fjölda fugla sem eru hér á landi og vantar því í talningarnar á Bretlandseyjum.

Auk breytinga á stofnstærð hefur verið fylgst með hlutfalli unga í stofnunum að hausti og stærð fjölskyldna. Þannig fæst mæling á breytileika í varþrangri sem m.a. er notuð við túlkun á stofnbreytingum. Mælingar á unghlutfalli fara aðallega þannig fram að gæsaþópar eru skoðaðir síðsumars og á haustin með fjarsjá og þannig má þekkja unga frá fullorðnum gæsum og mæla hlutfall þeirra. Einnig sjást fjölskyldur sem aðskildar einingar innan hópanna eða þá að þær halda sig sér og þannig má mæla meðal fjölskyldustærðir. Af þessum upplýsingum má svo leiða fjölda varppara. Mælingar á unghlutfalli krefjast þjálfunar og góðra sjónauka auk þess sem nokkur þróun á sér stað á aðferðafræði þeirra. Mælingar þessar á unghlutfalli hafa farið fram reglulega á vetrarstöðvum samhliða talningum og í seinni tíð einnig á grágæsum hér á landi. Önnur leið til að meta hlutfall unga í stofni er að skoða veiðina. Það hefur verið gert hér á landi nær samfellt frá 1993. Höfundur hóf þessa söfnun og greiningu á gæsavængjum sem starfsmaður Veiðistjóraembættisins og síðan sem starfsmaður Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 1995 til 2000 og frá 2003 á eigin vegum í samvinnu við Halldór W. Stefánsson.

Merkingar eru stundaðar á gæsum og eru einn þáttur vöktunar. Út frá merkingum og endurheimtum má reikna breytingar á lífslíkum og dánartíðni gæsanna auk þess sem með þeim má fá upplýsingar um ferðir gæsa o.fl. Merkingar á gæsum með hálsmerkjum og fóthringjum úr plasti hafa verið stundaðar frá því á níunda áratug síðustu aldar. Sérstakt merkingaráttak á heiðagæsum og grágæsum fór fram hér á landi á vegum NÍ og WWT frá 1996 – 2000 og enn eru þessa tegundir merktar með hálsmerkjum á vetrarstöðvunum á vegum WWT og rannsóknarhópi sem stundar rannsóknir á blesgæsum.

Vöktun á þeim þáttum sem hér eru nefndir er mikilvæg til að auka þekkingu okkar á gæsastofnunum og til að stýra megi veiðum á þeim þannig að nýting þeirra geti verið sjálfbær.

APS

Heimildir

- Arnór Þ. Sigfússon 2000. *Gæsarannsóknir og skotveiðimenn*. SKOTVÍS 6(1): 29-34
- Frederiksen, M., R. D. Hearn, Carl Mitchell, Arnór Sigfússon, Robert L. Swann and Anthony D. Fox 2004. *The dynamics of hunted Icelandic goose populations: a reassessment of the evidence* Journal of Applied Ecology 41(2): 315-334.
- Morten Frederiksen og Arnór Þ. Sigfússon 2004. *Greining á anda- og gæsavængjum úr veiði 1993- 2000*. Skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands NÍ-03009. Reykjavík 2004.

<http://www.ni.is/efst/margaesir.phtml>

<http://www.wwt.org.uk/monitoring/>

Ástand gæsastofna


Eins og segir að ofan þá eru þær upplýsingar sem hér eru kynntar fengnar að mestu frá WWT og á vefsetri þeirra má finna skýrslur þar sem greint er nánar frá niðurstöðum talninga og yfir lengri tíma (sjá <http://www.wwt.org.uk/monitoring/>).

Grágæs

Talningar á grágæsum fara fram í kringum miðjan nóvember þegar talið er að þær séu flestar komnar frá Íslandi og haustið 2004 fóru talningar fram helgina 13 og 14 nóvember. Um svipað leiti var leitað eftir upplýsingum um grágæsir hér á landi. Eftir því sem við komumst næst þá var vitað um allt að 18.000 grágæsir á landinu um miðjan nóvember. Mest af þeim var í Þykkvabæ, við Hvolsvöll, í Landeyjum og undir Eyjafjöllum og áætluð var um 12.000 gæsir á því svæði. Í Flóa og Ölfusi voru á þriðja hundrað grágæsa og nokkuð af gæs í Mýrdal og Meðallandi og þar í kring eða um 1000 gæsir. Minna virtist vera þegar austar dró á Suðurlandi og ekki vitað nema um nokkra tugi gæsa á Hornafjarðarsvæðinu. Á Vesturlandi sást lítið til gæsa og fréttist af tæpum 200 grágæsum þar, aðallega í Melasveit og við Akrafjall. Grágæsir virtust að mestu horfnar af Norðurlandi og voru einungis rúmlega hundrað grágæsir í Eyjafirði sem við fréttum af, ekkert frá Skagafirði eða annarsstaðar af Norðvesturlandi né úr Þingeyjasýslum austan Eyjafjarðar. Lítið spurðist til gæsa á Austurlandi einungis um 200 gæsir á Fljótsdal og Héraði. Eitthvað hefur okkur eflaust yfirsétt þannig að reikna má með að um miðjan nóvember geti hafa verið allt að 20 þúsund gæsir hér sem ekki voru komnar til Bretlands þegar talið var helgina 13. – 14.

nóvember. Þetta er um fjórum sinnum meira en var áætlað hér um svipað leiti haustið 2003 og munar þar mestu um þennan fjölda sem var á Miðsuðurlandi. Rúmlega 500 gæsir sáust í Færeyjum í nóvember og einnig má búast við einhverju af grágæsnum í Noregi um talningarhelgina en þar hafa haldið sig hópar íslenskra grágæsa að hausti.

Niðurstöður talninganna frá Bretlandseyjum má sjá á mynd 1.




Mynd 1. Talningar á grágæsnum á vetrarstöðvum þeirra á Brestlandeyjum. Punktarnir sýna talningar og línan er 5 ára hlaupandi meðaltal talninganna (byggt á gögnum frá The Wildfowl & Wetlands Trust).

Eins og sjá má er fjöldi grágæsa haustið 2004 með allra mesta móti og var áætlaður um 107.000 fuglar sem er svipað og var talið á seinni hluta níunda áratugar síðustu aldar og mun meira en undanfarinn áratug. Megin ástæða þessarar aukningar var sá fjöldi sem var áætlaður hér á landi, en það er um fjórum sinnum meira en vitað er um áður. Ekki er þó víst að um svo mikla raunverulega fjölgun hafi verið ræða þó fjölgun sé líklega hluti af skýringunni. Talið er að talningarnar á Bretlandseyjum vanmeti stofninn og að hann gæti verið allt að tvöfalt stærrí en hann hefur verið áætlaður hin síðari ár (sjá Arnór Þ. Sigfússon 2002 og Frederiksen, M. o. fl. 2004). Árið 2004 var sérlega hagstætt hvað varðar ungaframleiðslu þannig að eflaust hefur það leitt til fjölgunar.

Heiðagæs

Talningar á heiðagæsnum fara fram í kringum miðjan október þegar talið er að þær séu flestar komnar frá Íslandi og haustið 2004 fóru talningar fram helgina 16 og 17 október. Ekki spurðist mikið til heiðagæsa hér á landi um þetta leiti og er ástæðan fyrst og fremst sú að vegna rjúpnaveiðibannsins, sem í gildi var síðustu tvö ár, voru engir veiðimenn á fjöllum en þeir hafa áður sagt okkur af heiðagæsnum á þessum tíma.

Niðurstöður talninganna á Bretlandseyjum má sjá á mynd 2.



Mynd 2. Talningar á heiðagæsnum á vetrarstöðvum þeirra á Brestlandeyjum. Punktarnir sýna talningar og línan er 5 ára hlaupandi meðaltal talninganna (byggt á gögnum frá The Wildfowl & Wetlands Trust).

Eins og sjá má hefur aldrei verið áætlaður eins mikill fjöldi heiðagæsa og í fyrra og virðist henni enn fjölga. Varpárangur á síðasta ári var yfir meðallagi en ekki mikið meira en það. Talningar á heiðagæsnum eru taldar vera nákvæmari en á grágæsnum og ekki um verulega vanáætlun að ræða þar eins og hjá grágæsnum (Frederiksen, M. o. fl. 2004).

Blesgæs

Talningar á blesgæsnum fara fram vor og haust en það er helst vortalningin sem notuð er. Ekki liggja fyrir heildarniðurstöður talninga síðan vorið 2002 þegar um 26.500 gæsir voru taldar en vísbendingar eru um að vorið 2004 hafi þær ekki verið fleiri en 27.000 og hugsanlega færri. Stofni grænlenksu blesgæsarinnar hefur hrakað mjög síðan vorið 1999 þegar hann var um 35.500 fuglar og er ástæðan fyrst og fremst lélegur varpárangur, en fjöldi unga í stofni nær ekki að bæta upp dauðsföllin. Því hafa veiðimenn verið hvattir til að hlífa blesgæsnum við veiði meðan það ástand varir.

Helsingi

Heildar talningar á helsingjum fara fram á vetrarstöðvunum á um fimm ára fresti að vori. Þess á milli eru helsingjar taldir á hluta vetrarstöðvanna auk þess sem þeir hafa verið taldir hér á landi síðustu tvö ár að vori.

Í mars árið 2003 var síðasta heildartalning að vori og var stofnstærð grænlenksa helsingjans þá áætluð um 56.000 fuglar og var það um 6 % aukning frá síðustu talningu þar á undan, árið 1999. Segja má að helsingjar hafi verið í nær stöðugri aukningu frá því talningar hófust um 1960, en þá voru þeir einungis um 10.000.

Talningar á helsingjum hér á landi síðasta voru voru í samræmi við talningarnar á

vetrarstöðvunum eða yfir 50.000 fuglar (Arnþór Garðarsson munnl. upplýsingar). Þess má einnig geta að helsingjar eru orðnir íslenskir varpfuglar þó í litlu mæli sé. Frá því upp úr 1990 hafa þeir orpið í Skaftafellssýslum og er það hægt stækkandi stofn þó í dag sé hann líklega innan við 500 fuglar.

APS


Heimildir

- Arnór Þórir Sigfússon 2002. *Grágæsin – Óleystar gátur*. Skotvís 8: bls 29 – 31.
- Fox, A.D. & I. Francis 2004. *Report of the 2003/2004 national census of Greenland White-fronted geese in Britain*. Greenland White-fronted Study, Kalö, Denmark.
- Frederiksen, M., R. D. Hearn, Carl Mitchell, Arnór Sigfússon, Robert L. Swann and Anthony D. Fox 2004. *The dynamics of hunted Icelandic goose populations: a reassessment of the evidence* Journal of Applied Ecology 41(2): 315-334.
- Rowell, HE. 2005. *The 2004 Icelandic-breeding Goose census*. Wildfowl & Wetland Trust, Slimbridge.
- Worden, J., CR Mitchell, OJ Merne & PA Cranswick 2004. *Greenland Barnacle Geese Branta leucopsis in Britain and Ireland: results of the international census, March 2003*. Wildfowl & Wetland Trust Report, Slimbridge.

Ungahlutfall í veiði


Alls söfnuðust um 2.000 vængir af gæsum frá veiðimönnum á síðasta ári. Líkt og áður safnaðist mest af grágæsavængjum enda er það sú tegund sem langmest veiðist af (<http://www.ust.is/Veidistjornun/Almennt-/Veiditotur/>). Hlutföll í vængjasýni endurspeglar yfirleitt hlutföll milli tegunda samkvæmt veiðiskýrslum en þó er yfirleitt hlutfallslega heldur minna af heiðagæs í vængjasýninu og meira af blesgæs en í veiðiskýrslum.

Alls voru greindir um 1.370 grágæsavængir og eins og sjá má á mynd 1. Þá er hlutfall unga hjá grágæsinni með allra mesta móti, eða nærri 50 prósentum, en oftast hefur þetta verið í kringum 40%. Þetta háa hlutfall bendir til óvenjugóðs varpárangurs það árið. Ungahlutfall á vetrarstöðvum var í samræmi við þetta, eða rúm 28% sem er vel yfir meðallagi og það hæsta sem mælst hefur síðastliðinn áratug. Ungahlutfall mælt í stofninum síðsumars hér á landi var rúm 33%.




Mynd 1. Hlutfall grágæsaunga í vængjasýnum..

Alls voru greindir um 380 heiðagæsavængir haustið 2004 og eins og sjá má á mynd 2 þá er hlutfall heiðagæsunga í vængjasýninu einnig með mesta móti sem bendir til góðs varpárangurs þeirra. Þetta var einnig í samræmi við hlutfall heiðagæsunga á vetrarstöðvum sem var rúm 19% á síðasta ári sem er aðeins yfir meðallagi.



Mynd 2. Hlutfall heiðagæsaunga í vængjasýnum.

Alls voru greindir um 190 blesgæsavængir haustið 2004 og eins og sjá má á mynd 3 þá var hlutfall unga í veiðinni einungis um 14% sem er það lægsta sem við höfum mælt og í samræmi lágt unghlutfall á vetrarstöðvunum síðasta vetur (A.D. Fox, munnl. upplýsingar).



Mynd 3. Hlutfall blesgæsaunga í vængjasýnum.

Einungis voru greindir 40 helsingjavængir og var hlutfall unga um 35% sem er yfir meðallagi. Ekki liggja fyrir upplýsingar til samanburðar frá vetrarstöðvunum.

Hlutfall unga í vængjasýninu er alltaf hærra en mælist í stofnunum á vetrarstöðvum og síðsumars með sjónaukum hér. Þetta stafar líklega af því að veiðanleiki unga og fullorðinna gæsa er ekki sá sami og hlutfallslega meira veiðist af unga en fullorðnum gæsum. Engu að síður er fylgni milli hlutfalls unga í vængjasýni og á vetrarstöðvunum mjög góð (Morten Frederiksen og Arnór Þ. Sigfússon 2004).

APS

Heimildir

Arnór Þ. Sigfússon 2000. *Gæsarannsóknir og skotveiðimenn*. SKOTVÍS 6(1): 29-34

Morten Frederiksen og Arnór Þ. Sigfússon 2004. *Greining á anda- og gæsavængjum úr veiði 1993- 2000*. Skýrslur Náttúrufræðistofnunar Íslands NÍ-03009. Reykjavík 2004.

Beiðni um aðstoð

Hafið þið séð helsingja í haust?

Nú haustar og farfuglar tygja sig suður á bóginn, þar á meðal 50.000-60.000 helsingjar sem ættu að streyma í gegn á næstu vikum. Um ferðir þeirra á haustin er furðu lítið skráð. Ég er að vonast til að fylgjast eitthvað með þessum ferðum í haust, einkum á sunnanverðu hálendinu og í Skaftafellssýslum. Allar upplýsingar um helsingja á haustfari, nú eða fyrrum, væru því vel þegnar.

Arnþór Garðarsson

Líffræðistofnun háskólans
Háskóla Íslands
IS-101 REYKJAVÍK
arnthor@rhi.hi.is

Rannsóknir á Blesgæsum

Beiðni um sýni frá veiðimönnum.

Um þessar mundir eru nokkrir erlendir vísindamenn við rannsóknir á blesgæsum á Hvanneyri og verða þeir hér frá miðjum september í rúmar tvær vikur. Rannsóknir þessar eru hluti af stærra verkefni sem m.a. beinist að því að finna út hvers vegna blesgæsum er að fækka eins hratt og raun ber vitni. Rannsóknirnar fela í sér mælingar á unghlutfalli og fjölskyldustærð, merkingar

á fuglum, athugun á fæðuvali, mati á holdastuðli, snikjudýrum og fleiru.

Veiðimenn sem veiða blesgæsir geta aðstoðað með því að veita vísindamönnum aðgang að gæsum til mælinga og einnig með því að gefa þeim hræin, annað hvort heil eða eftir að kjótið hefur verið fjarlæggt ef gæsirnar eru úrbeinaðar. Sé það gert er hægt að vigta gæsirnar heilar og skrifa niður þyngdina, fjarlægja síðan bringur og læri en gefa síðan innfyli, beinagrind og ham til rannsóknanna. Þeir sem hafa áhuga á að aðstoða við þessar rannsóknir geta haft samband við Arnór Þ. Sigfússon í síma **8949960** eða sent tölvupóst á arnor@vst.is til að fá upplýsingar um hvernig best er að standa að því að mæla þær áður en gert er að þeim.

Þeir sem eru við veiðar á Borgarfjarðar-svæðinu eftir 16 september geta stoppað við á Hvanneyri að veiðum loknum og látið mæla og skoða gæsirnar. Best er þó að hafa samband við mig fyrst.

Arnór Þ. Sigfússon

Gæsaveiðimenn

Beiðni um gæsavængi!!!

Eins og áður þá treystum við á veiðimenn, að þeir útvegi okkur gæsavængi. Út frá gæsavængjum úr veiðinni má lesa hlutfall unga frá síðasta sumri og þannig fá hugmynd um hvernig varp og ungaframleiðsla hefur tekist. Því óskum við eftir því eins og áður að fá að skoða vængi frá veiðimönnum af öllum tegundum gæsa. Annað hvort getum við mætt á staðinn ef því verður við komið og aldursgreint aflann eða þið getið sent til okkar annan vænginn af þeim fuglum sem þið skjótið. Vinsamlegast hafið samband við Arnór Þ. Sigfússon í síma **8949960** eða ef þið eruð á Austurlandi þá hafið samband við Halldór W. Stefánsson í síma **4712553**. Þið getið einnig sent okkur tölvupóst á arnor@vst.is og doco@mi.is.

Ef vængir eru geymdir og sendir þá má ekki geyma þá lengi í plasti því þannig úldna þeir strax. Best er að leyfa þeim að þorna og setja svo í pappakassa. Ef vængir eru höggðir af þá sendið alltaf vængi sömu megin af öllum fuglunum, t.d. hægri væng. Látið fylgja með nafn, síma, heimilisfang og/eða netfang og hvenær gæsirnar voru veiddar og á hvaða stað eða veiðisvæði t.d. skv. veiðidagbók veiðistjórnunarsviðs UST.

Arnór Þ. Sigfússon og Halldór W. Stefánsson

Talningar í haust

Beiðni um upplýsingar!!!

Talningardagar á heiðagæsum og grágæsum í haust hafa verið ákveðnir og eru sem hér segir: helgin 8 og 9 október er aðal talningahelgi heiðagæsa auk þess sem grágæsir sem eru komnar á vetrarstöðvar eru taldar þá. Helgin 5 og 6 nóvember er aðal talningarhelgi grágæsa auk þess sem heiðagæsin er talin aftur. Helgina 3 og 4 desember verður svo aukatalning vegna grágæsa til að reyna að draga úr talninga-skekkju sem minnst er á hér að ofan.

Við óskum eftir því að þeir sem verða varir við gæsir nærri þessum talningadögum láti okkur vita. Þær upplýsingar sem við þurfum er hvaða tegund sást, hve margar gæsirnar voru og hvar og hvenær þær sást. Hægt er að hringja í Arnór Þ. Sigfússon í síma **8949960** eða senda tölvupóst á arnor@vst.is.

Gott væri að fréttu af heiðagæsum sem sjást eftir byrjun október og grágæsum sem sjást eftir byrjun nóvember. Við munum senda lesendum Gæsakvaksins póst til að minna á þessar dagsetningar þegar nær dregur.



Heiðagæsum smalað til merkinga í Þjórsárverum—Arnór Þ. Sigfússon

© 2005 Gæsakvak.

Gæsakvak er rafrænt fréttabréf gæsaá hugamanna.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður er Arnór Þórir Sigfússon, Skaftahlíð 28, 105 – Reykjavík.

Ekki er heimilt að vitna í greinar í Gæsakvaki nema með leyfi höfunda.

Netfang: gaesafrettir@gmail.com.